

1. maí 1838, 48. gr.¹, að greiða aðkaupsgjald af skipinu, sem er keypt í útlöndum, og af því að nokkrir gallar eru á þeirri skrásetningu skipsins, sem hefir átt sér stað, hefir þótt nauðsynlegt að fresta því, að rita skipið á aðalskipaskrána, og veita endilegt skrásetningarskrirteini.

1871.

4. marz.

18. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um sending hinna dönsku Lagatíðinda og Stjórnartíðinda til ýmsra embættismanna.²

4. marz.

Í sambandi við bréf stjórnarráðsins 17. janúar þ. á. mælumst vör til, að þér, herra stiptamtmaður, tilkynnið landfógetanum, landlækninum og sýslumönnunum í suðurumdæminu, að þeim mun verða sent hverjum um sig eitt exemplar af (hinum dönsku) Lagatíðindum og Stjórnartíðindum, sem skal vera eign embættanna og fylgja þeim; sendum vör yður nú 8 exempl. af því, sem til þessa er út komið, til úthýtingar meðal tæðra embættismanna, og skal því við bætt, að áframhaldið mun verða sent þeim beinlínis með póstinum.

19. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um fjárhagsáætlun fyrir Ísland á reikningsárinu 1871—72.

4. marz.

Með þessu bréfi sendum vör yður, herra stiptamtmaður, nokkur exempl. af Auglýsingu dómsmálastjórnarinnar, dagsettri í dag, sem inni hefir að halda áætlun um tekjur og útgjöld Íslands á fjárhagsárinu frá 1. apríl 1871 til 31. marz 1872, sem staðfest er

¹) Lovsamling for Island, XI., 212.

²) Sama dag var hinum amtmönnunum skrifað á sömu leið, að því leyti, er snerti sýslumennina í þeirra umdæmum.

1871.

4. marz.

með konungsúrskurði sama dag; að því leyti, er snertir útborgun launa embættismanna og launa viðbóta, sem tilfærð eru á meðfylgjandi fylgiskjali, bendum vör til þess, sem fyrir er sagt í bréfi dómsmálastjórnarinnar 20. febr. 1866,¹ sbr. bréf hinnar íslenzku stjórnardeildar 15. apríl 1851.²

Um leið og vör mælumst til þess, að þér tilkynnið hlutaðeigendum það, sem með þarf, samkvæmt þessu, skal því við bætt, að stjórnarráðið hefir í dag skrifað landfógetanum um þetta efni, og sömuleiðis gefið hinum amtmönnunum á Íslandi vísbending, þeim sjálfum og þeim embættismönnum, sem eru í þeirra umdæmum, til leiðbeiningar.

Ennfremur leiðum vör athygli yðar að því, að sú þóknun uppá 500 rd. á ári handa þeim tveimur málafærslumönnum, sem settir eru við hinn konunglega íslenzka landsyfirrétt, sem samkvæmt ýmsum konungsúrskurðum hingað til hefir verið borguð úr hinum íslenzka dómsmálasjóði, er tekin upp í hina nýju fjárhagsáætlun, 6. gr. C, 1, og verður því frá 1. n. m. að greiða hana úr jarðabókarsjóðnum, en að öðru leyti eptir sömu reglum, sem áður; að endingu skal þess getið, að landfógetanum hefir verið sagt svo fyrir í dag, að frá 1. apríl þ. á. verði að byggja jarðabókarsjóðs-reikninginn á fyr nefndri fjárhagsáætlun, að eptirlaun handa íslenzkum embættismönnum eða konum þeirra og börnum frá sama tíma skuli ekki hèreptir vera talin sem bráðafangs gjöld fyrir ríkisfæhirzluna, heldur sem föst útgjöld fyrir Ísland samkvæmt fjárhagsáætluninni, 8. gr., og að eptirleiðis á ekki að semja sérstaklegan eptirlauna-reikning.

¹) Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands, II., 306.

²) Lovsamling for Island, XV., 71.